

## Endanlegar tillögur fyrir hluthafafund Regins hf. sem verður haldinn 22. mars 2016

### Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

#### 1. Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 126.600.000 kr. að nafnvirði. Lögbundinn forgangsréttur hluthafa gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórnin skal ráðstafa hlutafjárhækkuninni sem greiðslu fyrir hlutafé í CFV 1 ehf. og Ósvör ehf. í samræmi við kaupsamning þar að lútandi á genginu 19,0 kr. á hlut. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Framangreind heimild stjórnar Regins hf. rennur út þann 31. desember 2016.

#### Eftirfarandi breytingar verði gerðar á 22. gr. samþykka félagsins:

##### a) Eftirfarandi málslíður falli niður úr 2. mgr. 22. gr.:

„Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar“.

##### b) Ný málsgrein komi inn í samþykktir félagsins og verði 3. mgr. 22. gr. þeirra:

Ef ljóst er fimm dögum fyrir aðalfund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 2. mgr. 22. gr. samþykka þessara er sitjandi stjórn heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir aðalfund skal stjórn boða til framhaldsaðalfundar 3-4 vikum eftir aðalfund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsaðalfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 2. mgr. 22. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

##### c) Ný málsgrein komi inn í samþykktir félagsins og verði 4. mgr. 22. gr. þeirra:

Náist kynjahlutföll 2. mgr. 22. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er fæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu.

### Greinargerð:

Varðandi tillögu um viðbót við 2. mgr. 4. gr. samþykktá félagsins vísast til kaupsamnings milli Regins hf. og eigenda fasteignafélaganna CFV 1 ehf. og Ósvarar ehf. um kaup Regins hf. á öllum hlutum í umræddum félögum, á grundvelli samþykktara kautilboða frá 12. nóvember 2015. Í kjölfarið framkvæmdi Reginn áreiðanleikakönnun á félögunum og fasteignunum. Áreiðanleikakönnun lauk í lok desember 2015 og voru kaupsamningar undirritaðir þann 30. desember 2015. Kaupsamningarnir voru undirritaðir með með fyrirvara um samþykki hluthafafundar Regins og samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Kaupin á CFV 1 ehf. og Ósvör ehf. miðast við að heildarvirði beggja félaganna sé 10.050. m.kr. Greiðsla kaupverðs tekur mið af stöðu vaxtaberandi skulda og annarra skulda félaganna þann 31.12.2015 sem samtals námu 7.645 m.kr. Greiðslan að fjárhæð 2.405 m.kr. fyrir eignarhluti í félögunum verður í formi hluta í Regin hf. sem eru að nafnvirði 126.600.000 kr. sem reiknaðir eru út frá 19,00 kr. á hlut sem var gengi bréfa Regins þegar samningsaðilar undirrituðu kautilboðin í nóvember 2015. Auk greiðslu með hlutafé kemur til peningagreiðslu 154 m.kr. vegna jákvæðrar stöðu nettó veltufjármuna þann 31.12.2015.

Þann 8. febrúar 2016 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaupin fyrir sitt leyti.

Reginn hf. þarf að greiða kaupverðið í samræmi við framangreint og stjórn félagsins þarf heimild hluthafafundar með þeim hætti sem greint er í tillögunni. Hluthafar þurfa að falla frá lögbundnum forgangsrétti sínum að hinu nýja hlutafé.

Varðandi tillögur um nýjar málsgreinar í 22. gr. samþykktá félagsins, sem verði 3. og 4. mgr. 22. gr., þá er þeim báðum ætlað að bregðast við þeirri stöðu að skilyrðum 2. mgr. 22. gr. samþykktá félagsins um kynjahlutföll í stjórn verði ekki náð. 3. mgr. 22. gr. tekur á því ef sýnt þykir að umræddu skilyrði verði ekki náð í tengslum við framboð á aðalfundi, en 4. mgr. 22. gr. tekur á því hvernig með verði farið, náist ekki að uppfylla umrædd kynjahlutföll við kosningu stjórnar á hluthafafundi. Að öðru leyti vísast til orðalags ákvæðanna í umræddum tillögum hér að ofan.